

Ísfélag Vestmannaeyja - FES
Strandvegi 28
900 Vestmannaeyjar

Egilsstaðir, 25. júlí 2022
UST202201-157/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 2.6.2022 – Ísfélag Vestmannaeyja – FES, Vestmannaeyjum

Þann 2. júní sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja – FES, í Vestmannaeyjum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti og engar ábendingar voru settar fram.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram. Frávikið varðar að í frárennismælingum síðustu ára hafa bæði COD og fita í frárennsli verið yfir losunarmörkum. Í bréfi dags. 16.6.2021 óskaði Umhverfisstofnun eftir „tímasettri áætlun um úrbætur vegna losunar á fitu og COD í frárennsli svo losunarmörk séu haldin.“ Farið var fram á að áætlunin bærist stofnuninni eigi síðar en 7.7.2021.

Engin áætlun hefur enn borist og óskar Umhverfisstofnun því, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018, eftir að tímasett áætlun um úrbætur vegna losunar á fitu og COD í frárennsli svo losunarmörk séu haldin, berist stofnuninni eigi síðar en 16.8.2022.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur / annað